

Innkauparáð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14,
105 Reykjavík

Framhaldskaup - Útboð nr. 14330 Microsoft EAS hugbúnaðarleyfi

Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar óskar eftir samþykki innkauparáðs til að fara í framhaldskaup skv. 30 grein innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Í desember 2018 var gerður 3ja ára samningur við Crayon Iceland ehf. á grundvelli útboðs nr. 14330 „Microsoft EAS hugbúnaðarleyfi“. Samningstímabil er 01.01.2019 - 31.12.2021. Um var að ræða svo kölluð EAS-leiguleyfi fyrir notendatölvur í „skrifstofuumhverfi“ Reykjavíkurborgar, ásamt ýmsum miðlægum leyfum. (Önnur leyfi eru notuð fyrir skólaumhverfið).

Hafin er innleiðing á M365 hjá Reykjavíkurborg samkvæmt þessum samning þar sem starfsmenn sviða verða færðir hægt og bítandi frá leyfum sem eru per notendatölvu (e. device leyfi) yfir í að vera leyfi per notanda (e. user leyfi). Við þessa breytingu þá er nauðsynlegt að geta talið niður leyfi á hagstæðasta tímabili ársins fyrir Reykjavíkurborg. Upplýsingatækniþjónusta telur því að það sé brýnt að færa samningstímabil um þrjá mánuði, þ.e. að talningardagsetning (svo kallað „TrueUp“) sé 31. mars ár hvert í stað 1. janúar. Það eru tvær aðalástæður þess að við óskum eftir þessari breytingu, þ.e.

- Það er mjög erfitt að hafa þetta stóran samning til greiðslu í lok desember ár hvert (í lok fjárhagsárs) þar sem það geta verið miklar gengissveiflur.
- Í dag er verið að vinna fjárhagsáætlun fyrir þennan samning ca. 15 mánuðum fyrir greiðslu reiknings. Með því að flytja dagsetninguna til 31. mars stýttist tímabilið niður í 7 mánuði.

Microsoft hefur veitt samþykki fyrir þessari breytingu á samningstímabili, en þessi framhaldskaup til 3ja mánaða munu verða samtals ca. EUR 413.000,- án vsk. (um kr. 62 mkr án vsk).

Í framhaldinu, þ.e. í ársbyrjun 2022 mun Upplýsingatækniþjónusta fara síðan í útboð á EES svæðinu um Microsoft leyfi fyrir skrifstofuumhverfi til 3ja ára (tímabilið 31.03.2022 – 30.03.2025).

F.h. Upplýsingatækniþjónusta (UTR)

Helga S. Kristjánsdóttir,
SAM & innkaupastjórn í UTR